

Qualified Electronic Signature

ÁRSÆLL DANÍELSSON

Personal code: 010853-3549

2026-04-14 17:09:42 GMT

Purpose: Signature

Qualified Electronic Signature

BIRKIR SNÆR GUNNLAUGSSON

Personal code: 031294-2829

2026-04-14 17:19:06 GMT

Purpose: Signature

Qualified Electronic Signature

PÓRUNN ÝR ELÍASDÓTTIR

Personal code: 090776-6149

2026-04-14 17:21:14 GMT

Purpose: Signature

Qualified Electronic Signature

GUNNAR ÞÓRARINSSON

Personal code: 191262-7869

2026-04-14 17:21:52 GMT

Purpose: Signature

Qualified Electronic Signature

ÞORSTEINN HILMAR SIGURJÓNSSON

Personal code: 150153-4419

2026-04-14 18:14:44 GMT

Purpose: Signature

Qualified Electronic Signature

ÓLAFUR BENEDIKTSSON

Personal code: 091261-5539

2026-04-14 18:56:40 GMT

Purpose: Signature

Qualified Electronic Signature

JÓN ARNAR ÓSKARSSON

Personal code: 110580-3989

2026-04-15 05:56:33 GMT

Purpose: Signature

Kaupfélag Vestur-Húnavetninga

Ársreikningur 2025

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun félagsstjórnar	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3-4
Áritun skoðunarmanna	5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7-8
Sjóðstreymi	9
Skýringar	10-19

Kaupfélag Vestur-Húnavetninga svf.
Strandgötu 1
530 Hvammstanga
kt. 680169-1879

Skýrsla og áritun félagsstjórnar

Meginstarfsemi félagsins

Meginstarfsemi Kaupfélags Vestur-Húnavetninga felst í verslunarrekstri á sviði matvöru, sérvöru og byggingavöru. Verslun félagsins er staðsett á Hvammstanga.

Starfsemin á árinu

Rekstur félagsins var með svipuðu móti í ár og síðast liðið ár. Heildarvelta félagsins nam 1.206,5 milljónum króna á árinu og tap ársins var -47,2 milljónir króna samanborið við 1.059,8 milljóna króna veltu og -16,4 milljóna króna hagnað á árinu 2024. Eigið fé félagsins nam 620,0 milljón króna í árslok 2025 samanborið við 667,8 milljónir króna í árslok 2024. Í árslok nam eiginfjárlutfall félagsins 64,7% en var 77,3% í árslok 2025. Hjá félaginu störfuðu 37 starfsmenn á árinu í 21 stöðugildi. Hlutfall kynja er 51% konur og 49% karlar.

Það er álit stjórnar og kaupfélagsstjóra félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Framtíðaráform

Gert er ráð fyrir að rekstur félagsins verði með svipuðu sniði árið 2026 og hann var á árinu 2025.

Eignaraðild og ráðstöfun hagnaðar

Félagsmenn í árslok voru 401 í fimm félagsdeildum en voru 397 í ársbyrjun. Í samræmi við ákvæði laga um samvinnufélög hafa allir félagsmenn jafnan atkvæðisrétt og önnur réttindi þar sem stofnsjóður er eingöngu í A-deild. Stjórn félagsins leggur til að 0 kr. verði greiddar inná stofnsjóðsreikninga félagsmanna á árinu 2026 vegna rekstrarársins 2025. Vísað er til skýringa í ársreikningnum varðandi breytingar á eiginfjárreikningum. Framangreind arðstillaga grundvallast á niðurstöðu aðalfundar félagsins.

Fjárhagsleg áhættustjórnun

Helsta fjárhagslega áhætta félagsins er útlánaáhætta tengd viðskiptakröfum og lausafjárahættu. Útlánatöp eru takmörkuð með virkri eftirfylgni við innheimtu og sérstökum innheimtureglum. Markaðsáhætta félagsins vegna fjármálagjörninga er óveruleg. Lausafjárahætta er lágmarkuð með daglegri sjóðstýringu og samningum um greiðslufresti.

Atburðir eftir lok reikningsárs

Engir verulegir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningsárs.

Stjórn Kaupfélags Vestur-Húnavetninga og kaupfélagsstjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Hvammstanga, 2026

Gunnar Þórarinsson
Stjórnarformaður

Ársæll Daníelsson
Meðstjórnandi

Birkir Snær Gunnlaugsson
Meðstjórnandi

Ólafur Benediktsson
Meðstjórnandi

Þorsteinn H. Sigurjónsson
Meðstjórnandi

Þórunn Ýr Elíasdóttir
Kaupfélagsstjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og félagamanna Kaupfélags Vestur-Húnavetninga

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Kaupfélags Vestur-Húnavetninga („félagið“) fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2025 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur sem gilda um endurskoðun á Íslandi. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og kaupfélagsstjóra á ársreikningnum

Stjórn og kaupfélagsstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og kaupfélagsstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og kaupfélagsstjóri bera ábyrgð á eftirliti með gerð ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og kaupfélagsstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega anmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Reykjavík, 2026

KPMG ehf.

Jón Arnar Óskarsson

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur			
Sala verslunardeilda		1.164.633.698	999.725.842
Aðrar tekjur		41.884.243	60.087.122
		<u>1.206.517.941</u>	<u>1.059.812.964</u>
Rekstrargjöld			
Kostnaðarverð seldra vara		943.644.705	774.867.151
Laun og launatengd gjöld	3	228.604.581	214.732.735
Annar rekstrarkostnaður		66.797.759	57.078.805
Afskriftir	5	12.293.350	9.978.997
		<u>1.251.340.394</u>	<u>1.056.657.688</u>
(Rekstrartap) - hagnaður		(44.822.453)	3.155.276
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur og verðbætur	4	6.299.203	9.338.392
Vaxtagjöld og verðbætur		(7.717.181)	(1.285.135)
Gengismunur		271.074	141.844
		<u>(1.146.904)</u>	<u>8.195.101</u>
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélagum	6	(9.903.980)	(25.376.753)
Tap fyrir skatta		(55.873.338)	(14.026.376)
Tekjuskattur	9	8.672.154	(2.344.028)
Tap ársins		<u>(47.201.184)</u>	<u>(16.370.404)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Fastafjármunir			
Rekstrarfjármunir	5		
Fasteignir		153.703.729	134.521.993
Vélar, áhöld og innrétingar		50.460.545	52.773.653
Bifreiðar		3.511.439	4.982.640
		<u>207.675.713</u>	<u>192.278.286</u>
Fjáreignir:			
Skatteign	9	7.742.606	0
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum	6	318.571.107	328.475.087
Eignarhlutir í öðrum félögum	7	7.799.945	7.799.945
Skuldabréfaeign	8	26.591.905	33.602.118
		<u>360.705.563</u>	<u>369.877.149</u>
Fastafjármunir samtals		568.381.276	562.155.435
Veltufjármunir			
Birgðir	10	133.019.926	139.185.774
Fyrirframgreidd vörukaup	10	111.076.174	0
Næsta árs afborgun skuldabréfaeignar	8	6.171.640	6.965.187
Viðskiptakröfur	11	127.125.981	103.290.518
Krafa á tengda aðila	19	9.114.932	8.733.360
Aðrar skammtímakröfur	12	1.522.213	2.774.976
Handbært fé	13	2.554.589	41.179.389
		<u>390.585.456</u>	<u>302.129.204</u>
Eignir samtals		<u>958.966.731</u>	<u>864.284.640</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	14		
Stofnsjóður félagsmanna		5.946.243	4.704.162
Lögbundinn varasjóður		793.356	793.356
Sjóður til stuðnings mjólkurframleiðslu		29.492.421	28.439.444
Menningarsjóður		40.849	97.562
Bundinn hlutdeildarreikningur		192.909.627	202.813.607
Óráðstafað eigið fé		390.799.756	430.951.259
		<u>619.982.251</u>	<u>667.799.390</u>
Skuldir			
Skuldbindingar:			
Tekjuskattsskuldbinding	9	0	3.513.328
Skammtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir		124.164.868	0
Viðskiptaskuldir	16	164.874.264	120.379.214
Aðrar skammtímaskuldir	17	39.616.071	43.677.245
Skuld við tengda aðila	19	10.329.277	24.850.295
Næsta árs afborganir langtímalána	15	0	4.065.168
		<u>338.984.480</u>	<u>192.971.922</u>
Skuldir samtals		338.984.480	196.485.250
Eigið fé og skuldir samtals		<u>958.966.731</u>	<u>864.284.640</u>

Sjóðstreymi ársins 2025

Rekstrarhreyfingar	Skýr.	2025	2024
Hreint veltufé frá rekstri:			
Tap ársins		(47.201.184)	(16.370.404)
Rekstraraliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5	12.293.350	9.978.997
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélagi	6	9.903.980	25.376.753
Aðrir liðir		(13.705.774)	754.466
		(38.709.627)	19.739.812
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra eigna:			
Víðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		(133.658.874)	(10.767.698)
Birgðir		6.165.848	(23.100.571)
(Lækkun) hækkun rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		40.433.876	(7.497.301)
		(87.059.151)	(41.365.570)
Handbært fé til rekstrar		(125.768.778)	(21.625.758)
Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð rekstrarfjármuna	5	(27.690.777)	(43.104.107)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		0	1.031.076
Söluverð eignarhluta í félögum		0	5.188.770
Arður frá hlutdeildarfélagi	6	0	7.500.000
Afborganir skuldabréfaeignar		8.452.277	11.264.119
		(19.238.500)	(18.120.142)
Fjármögnunarahreyfingar			
Greiddar afborganir langtímaskulda		(4.065.168)	(4.065.168)
(Hækkun) lækkun krafna á tengda aðila	19	(381.572)	(4.200.105)
(Lækkun) hækkun skulda við tengda aðila	19	(14.521.018)	(438.959)
Skammtímalán breyting		124.164.868	0
Aðrar breytingar		1.185.368	1.459.650
		106.382.478	(7.244.582)
Lækkun á handbæru fé		(38.624.800)	(46.990.482)
Handbært fé í ársbyrjun		41.179.389	88.169.872
Handbært fé í árslok		<u>2.554.589</u>	<u>41.179.389</u>
Aðrar upplýsingar:			
Innborgaðar vaxtatekjur		6.299.203	9.338.392
Greiddir vextir		(8.055.914)	(5.379.788)

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Kaupfélag Vestur-Húnavetninga er samvinnufélag með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Strandgötu 1, 530 Hvammstanga.

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Við gerð reikningsskilanna samkvæmt settum reikningsskilareglum þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Ársreikningur félagsins er lagður fram miðað við forsendur um mat eigna og skulda miðað við áframhaldandi rekstur.

1.2 Samanburðarfjárhæðir

Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs varðandi greiðslukortakröfur sem teljast meðal viðskiptakrafna en voru áður sem aðrar skammtímakröfur.

1.3 Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af reikningsfærðri sölu á vöru og þjónustu að frádregnum virðisaukaskatti og afsláttum. Tekjur af vörusölu eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda.

1.4 Aðrar tekjur

Umboðslaun eru tekjufærð á grundvelli fyrirbyggjandi samninga. Söluhagnaður af varanlegum rekstrarfjármunum og eignarhlutum í félögum er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði á viðskiptadegi.

1.5 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfæignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

1.6 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í lok ársins. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun janúar 2026. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

Skýringar

1.7 Rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Um er að ræða rekstrarfjármun sem er upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt línulegri aðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

Fasteignir	25-50 ár
Vélar, áhöld og innréttingar	3-8 ár
Bifreiðar	8 ár

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söluþegi og er hluti af rekstrarhagnaði. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur rekstrarfjármuna er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

1.8 Eignarhlutir í hlutdeildar- og öðrum félögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum eru færðir til eignar samkvæmt hlutdeildaraðferð. Samkvæmt þeirri aðferð er hlutdeild í hagnaði og tapi hlutdeildarfélaganna eftir kaup færð í rekstrarreikning og hlutdeild í öðrum hreyfingum á eigin fé færð á sérstakan eiginfjárreikning. Uppsöfnuð áhrif eftir kaup koma fram í bókfærðu verði eignarhluta í hlutdeildarfélagum. Hlutdeildarfélag eru félög þar sem félagið á að jafnaði milli 20 og 50% eignarhlut, eða hefur veruleg áhrif án þess að hafa bein yfirráð yfir þeim. Önnuleystum hagnaði vegna viðskipta milli félagsins og hlutdeildarféлага er eytt hlutfallslega miðað við eignarhlutdeild. Önnuleystu tapi er einnig eytt út hlutfallslega nema gangvirði eigna sé lægra en bókfært verð. Hætt er að taka tillit til hlutdeildar í tapi hlutdeildarfélags þegar bókfært verð er núll nema félagið hafi gengist í ábyrgðir eða lánað hlutdeildarfélaginu.

Eignarhlutar í öðrum félögum eru að jafnaði eignfærðir á kostnaðarverði.

Eignarhlutar sem tapast hafa vegna gjaldþrota, nauðasamninga eða eignaleysis viðkomandi félaga eru gjaldfærðir í rekstrarreikningi.

1.9 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

1.10 Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði sé það lægra. Kostnaðarverð ákvarðast í samræmi við meðalkostnaðaraðferð. Kostnaðarverð fullunninna vara og vara í vinnslu samanstendur af efni, beinum launum, öðrum beinum kostnaði og óbeinum framleiðslukostnaði en ekki vaxtakostnaði. Dagverð er áætlað söluverð að frádregnum kostnaði við að ljúka við framleiðslu varanna og sölukostnaði.

Skýringar

1.11 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða.

1.12 Arður

Arður er færður í ársreikning þegar aðalfundur/hluthafafundur hefur samþykkt að greiða arðinn út.

1.13 Tekjuskattseign / - skuldbinding

Mismunur reiknaðs tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattalegu tapi tímabilsins og kemur til frádráttar á næstu reikningsárum, færast til eignar í efnahagsreikningi sem tekjuskattsineign. Mismunur þessi stafar af því að skattalegt tap samkvæmt skattframtali miðast við aðrar forsendur heldur en tap fyrir skatta samkvæmt rekstrarreikningi og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrir í ársreikningi en skattauppgjöri.

Reiknuð tekjuskattseign, vegna frádráttarbærs tímabundins mismunar og yfirfærðs skattalegs taps, er færð í samræmi við settar reikningsskilareglur og að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður í framtíðinni muni nýtast á móti henni. Frádráttarbær tímabundinn mismunur stafar af því að bókfært verð eigna er lægra en skattalegt verð þeirra en mismunurinn verður frádráttarbær síðar við ákvörðun skattalegrar afkomu.

Reiknuð tekjuskattseign er metin með því tekjuskattshlutfalli sem ætla má að verði í gildi þegar til nýtingar á henni kemur.

1.14 Skuldabréfaeign

Skuldabréfaeign, sem ætlað er að eiga fram að gjalddaga, er færð á kostnaðarverði sem samanstendur af kaupverði og beinum kostnaði við öflun þeirra.

2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

2.1 Fjárhagslegir áhættuþættir

Starfsemi félagsins hefur í för með sér margvíslega áhættu s.s. útlánaáhættu vegna krafna, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytingar. Áhættustjórnun félagsins beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

Skýringar

3. Laun og launatengd gjöld

Starfsmannamál

	2025	2024
Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:		
Laun	188.705.620	178.057.388
Mótframlag í lífeyrissjóð	22.823.632	22.225.725
Önnur launatengd gjöld	17.075.329	14.449.622
	<u>228.604.581</u>	<u>214.732.735</u>

Hjá félaginu störfuðu 37 starfsmenn í um 21 stöðugildi á árinu. Laun og þóknarir til stjórnenda námu 22,5 millj. kr.

Félagið hefur ekki gert samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur.

4. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	Banka- reikningar	Langtíma- kröfur / skuldir	Aðrir liðir	Samtals 2025	Samtals 2024
Vaxtatekjur og verðbætur ...	2.035.135	2.432.763	1.831.305	6.299.203	9.338.392
Vaxtagjöld og verðbætur	(7.530.691)	(186.490)	0	(7.717.181)	(1.285.135)
Gengismunur	0	0	271.074	271.074	141.844
	<u>(5.495.556)</u>	<u>2.246.273</u>	<u>2.102.379</u>	<u>(1.146.904)</u>	<u>8.195.101</u>

5. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig 2024:

	Fasteignir	Vélar, áhöld og innréttingar	Bifreiðar	Samtals
Bókfært verð 1/1	132.294.324	26.530.052	1.359.876	160.184.252
Viðbætur á árinu	7.979.489	30.536.618	4.588.000	43.104.107
Selt og niðurlagt á árinu	0	(800.000)	(231.076)	(1.031.076)
Afskrifað á árinu	(5.751.819)	(3.493.017)	(734.160)	(9.978.996)
Bókfært verð 31/12	<u>134.521.993</u>	<u>52.773.653</u>	<u>4.982.640</u>	<u>192.278.286</u>
Bókfært verð í árslok 2024 greinist þannig:				
Kostnaðarverð	288.225.688	176.413.617	6.288.000	480.206.986
Afskrifað samtals	<u>(153.703.695)</u>	<u>(123.639.964)</u>	<u>(1.305.360)</u>	<u>(278.649.019)</u>
Bókfært verð í árslok	<u>134.521.993</u>	<u>52.773.653</u>	<u>4.982.640</u>	<u>192.278.286</u>

Skýringar

5. Rekstrarfjármunir (frh.)

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig 2025:

	Fasteignir	Vélar, áhöld og innréttingar	Bifreiðar	Samtals
Bókfært verð 1/1	134.521.993	52.773.653	4.982.640	192.278.286
Viðbætur á árinu	25.262.611	3.316.166	0	28.578.777
Endurflokkað			(888.000)	(888.000)
Afskrifað á árinu	(6.080.875)	(5.629.274)	(583.201)	(12.293.350)
Bókfært verð 31/12	<u>153.703.728</u>	<u>50.460.545</u>	<u>3.511.439</u>	<u>207.675.713</u>
Bókfært verð í árslok 2025 greinist þannig:				
Kostnaðarverð	313.488.299	179.729.781	5.400.000	498.618.080
Afskrifað samtals	(159.784.570)	(129.269.238)	(1.888.561)	(290.942.369)
Bókfært verð í árslok	<u>153.703.728</u>	<u>50.460.545</u>	<u>3.511.439</u>	<u>207.675.713</u>

Fasteignir félagsins sundurliðast þannig:	Fasteigna- mat	Brunabóta- mat	Bókfært verð
Strandgata 1, 530 Hvammstanga	332.900.000	1.549.080.000	153.703.728

Vátryggingarverð véla, áhalda, innréttinga og bifreiða er 202,9 milljónir króna í árslok.

6. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast á eftirfarandi hátt:

	Reykjahöfði ehf. Strandgötu 1, Hvammstanga 25%	Sláturh. KVH ehf. Norðurbraut 24, Hvammstanga 50%	Samtals
Staða 1/1	10.813.439	317.661.648	328.475.087
Hlutdeild í hagnaði	1.882.891	(11.786.872)	(9.903.980)
Staða 31/12	<u>12.696.330</u>	<u>305.874.777</u>	<u>318.571.107</u>

7. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	Eignarhlutd. í %	Nafnverð í lok árs	Bókfært verð í lok árs
Ámundakinn ehf	0,39%	923.631	1.638.945
Brauð- og kókugerðin hf	50,00%	600.000	600.000
Húnakorn ehf	5,71%	125.000	125.000
Íslenskur textíliðnaður hf.	1,47%	736.000	736.000
Selasetur Íslands ehf	14,07%	580.000	100.000
Selasigling ehf	3,85%	100.000	100.000
Skógarplöntur ehf.	100,00%	4.500.000	4.500.000
		<u>7.564.631</u>	<u>7.799.945</u>

Skýringar

8. Skuldabréfaeign

Breyting skuldabréfaeignar á árinu greinist þannig:

	Staða ársbyrjun	Afborganir	Verðbætur	Staða árslok
Óverðtryggð skuldabréf	2.277.716	(2.277.716)	0	0
Verðtryggð skuldabréf	38.289.589	(6.174.561)	648.517	32.763.545
Skuldabréfaeign samtals	<u>40.567.305</u>	<u>(8.452.277)</u>	<u>648.517</u>	<u>32.763.545</u>

Afborganir af skuldabréfaeign í árslok 2025 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2026	6.171.640
Árið 2027	5.197.860
Árið 2028	3.548.358
Árið 2029	3.548.358
Árið 2030	3.212.925
Síðar	<u>11.084.403</u>
	<u>32.763.545</u>

Skuldabréfaeign, samtals 32,8 millj. króna, kemur þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir ársins 2026, færðar meðal veltufjármuna	6.171.640
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar	<u>26.591.905</u>
	<u>32.763.545</u>

9. Tekjuskattsskuldbinding og tekjuskattur

Breyting tekjuskattsskuldbindingar á árinu greinist þannig:

Tekjuskattsskuldbinding 1/1	(3.513.328)
Tekjuskattur af reglulegri starfsemi	8.672.154
Tekjuskattur til greiðslu 2025 vegna 2024	<u>2.583.780</u>
Tekjuskattsskuldbinding 31/12	<u>7.742.606</u>

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á eftirfarandi liði:

	2025	2024
Varanlegir rekstarfjármunir	(5.827.087)	(5.827.087)
Viðskiptakröfur	3.763.577	2.736.796
Birgðir	(1.330.199)	(1.391.858)
Gengismunur	(45.599)	27.544
Yfirfæranlegt tap	<u>11.181.914</u>	<u>941.277</u>
	<u>7.742.606</u>	<u>(3.513.329)</u>

Reiknaður tekjuskattur félagsins af hagnaði fyrir skatta (virkur tekjuskattur) er frábrugðinn þeirri fjárhæð sem kæmi út ef tekjuskattshlutfall er notað til útreikningsins sem hér greinir:

	2025	2024
Tap fyrir skatta	<u>(55.873.338)</u>	<u>(14.026.376)</u>
Reiknaður tekjuskattur miðað við 20% skattshlutfall (2024: 21%)	(11.174.668)	(2.945.539)
Skattfrjálsar tekjur (varanl. mism., hlutdeildartekjur og söluhagn. eignarhluta)	2.498.234	5.402.729
Áhrif breytinga á skattshlutfalli	0	(117.201)
Ófrádráttarbær gjöld	4.280	4.039
Reiknaður tekjuskattur í rekstrarreikningi	<u>(8.672.154)</u>	<u>2.344.029</u>

Skýringar

10. Birgðir

Birgðir greinast þannig:	31.12.2025	31.12.2024
Kjörbúð	58.225.433	55.247.136
Byggingavörudeild	26.438.593	22.497.430
Pakkhús	48.355.900	61.441.208
	<u>133.019.926</u>	<u>139.185.774</u>

Vátryggingarverð birgða er 96,9 milljónir króna í árslok.

Fyrirframgreiddur kostnaður nemur 111,1 m.kr. og tengist kaupum á áburði sem var í flutningi í lok reikningsárs. Birgðirnar höfðu ekki verið móttæknar á uppgjörstegi og eru því færðar sem fyrirframgreiddur kostnaður.

11. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:	31.12.2025	31.12.2024
Viðskiptamenn	136.105.552	118.644.464
Greiðslukortakröfur	17.519.570	3.901.111
Niðurfærsla viðskiptakrafna	<u>(26.499.141)</u>	<u>(19.255.057)</u>
	<u>127.125.981</u>	<u>103.290.518</u>

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast, og er hann dreginn frá eignfærðum viðskipta- og skammtímakröfum í efnahagsreikningi. Breyting niðurfærslureikningsins greinist þannig:

	31.12.2025	31.12.2024
Staða 1/1	19.255.057	18.033.610
Afskrifaðar tapaðar kröfur á árinu	(446.614)	(463.324)
Hækkun afskriftareiknings	7.690.698	1.684.771
Staða 31/12	<u>26.499.141</u>	<u>19.255.057</u>

12. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	31.12.2025	31.12.2024
Fjármagnstekjuskattur	965.138	1.852.776
Fyrirframgreiðslur o.fl.	200.000	500.000
Áfallnar vaxtatekjur af skuldabréfaeign	357.075	422.204
	<u>1.522.213</u>	<u>2.774.980</u>

13. Handbært fé

Handbært fé greinast þannig í lok árs:	31.12.2025	31.12.2024
Sjóður□.....	364.833	474.516
Óbundnar bankainnstæður□.....	2.189.756	40.704.873
	<u>2.554.589</u>	<u>40.179.389</u>

Skýringar

14. Eigið fé

Breytingar á eiginfjárreikningum greinast þannig:

Stofnsjóður félagsmanna:	2025	2024
Staða 1/1	4.704.162	3.173.423
Innborganir - útborganir úr stofnsjóði	(335.059)	(59.181)
Vextir	220.569	227.667
Fjármagnstekjuskattur	(444.752)	(446.099)
Arður	1.801.323	1.808.352
	<u>5.946.243</u>	<u>4.704.162</u>
Annað eigið fé:		
Lögbundinn varasjóður:		
Staða 1/1	793.356	793.356
	793.356	793.356
Sjóður til stuðnings mjólkurframleiðslu:		
Staða 1/1	28.439.444	26.330.617
Verðbætur	1.052.977	2.108.827
	<u>29.492.421</u>	<u>28.439.444</u>

Sjóðurinn var upphaflega 10 milljónir króna og er verðbættur frá þeim tíma sem hann var fullmyndaður. Tilgangur sjóðsins er stuðningur við mjólkurframleiðslu á svæði Kaupfélagsins. Verði Kaupfélagið lagt niður eða sameinað verður sjóðurinn í umsjón mjólkurframleiðenda í Húnaþingi vestra.

Eftirstöðvar lána úr sjóðnum til kvótakaupa í mjólkurframleiðslu voru í árslok 14.951.707 milljónir króna.

Menningarsjóður:	2025	2024
Staða 1/1	97.562	168.651
Tillög í sjóðinn	243.287	228.911
Veitt fé úr menningarsjóði	(300.000)	(300.000)
	<u>40.849</u>	<u>97.562</u>
Bundinn hlutdeildarreikningur:		
Staða 1/1	202.813.607	228.190.360
Bundin hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga	(9.903.980)	(25.376.753)
	<u>192.909.627</u>	<u>202.813.607</u>

Bundinn hlutdeildarreikningur er færður í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga. Á reikninginn er færður mismunur á hlutdeild sem færð hefur verið í rekstrarreikning vegna hlutdeildarfélaga og móttekis arðs frá hlutdeildarfélögum. Reikningurinn er leystur upp ef hlutdeildin er seld eða afskrifuð.

Óráðstafað eigið fé:	2025	2024
Staða 1/1	430.951.259	425.862.089
Leiðrétt staða vegna bundins hlutdeildarreiknings	0	0
Leiðrétt staða 1/1	<u>430.951.259</u>	<u>425.862.089</u>
Verðbætur sjóðs til stuðnings mjólkurframleiðslu	(1.052.977)	(2.108.827)
Arður greiddur til sjóðsfélaga	(1.801.323)	(1.808.352)
Tap ársins	(47.201.184)	(16.370.404)
Bundin hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga	9.903.980	25.376.753
	<u>390.799.756</u>	<u>430.951.259</u>
Eigið fé samtals	<u>619.982.251</u>	<u>667.799.390</u>

Skýringar

15. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir félagsins voru greiddar upp á árinu 2025. Greiðslan nam 4,1 milljónum króna.

16. Viðskiptaskuldir

	31.12.2025	31.12.2024
Viðskiptaskuldir greinast þannig:		
Viðskiptaskuldir, almennar	102.885.037	62.719.857
Skuldir við fyrirtæki og stofnanir	61.989.227	57.659.355
	<u>164.874.264</u>	<u>120.379.212</u>

17. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig í lok árs:	31.12.2025	31.12.2024
Ógreidd laun og launatengd gjöld	8.862.736	7.144.621
Orlofsskuldbinding	18.068.596	13.214.708
Virðisaukaskattur	12.239.987	22.843.165
Ógreiddur innheimtur fjármagnstekjuskattur	444.752	446.099
Áfallnir vextir af langtímalánum	0	28.652
	<u>39.616.071</u>	<u>43.677.245</u>

18. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar félagsins eru hlutdeildarfélag, stjórn félagsins, framkvæmdastjóri og nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Árið 2025	Seldar vörur og þjónusta	Keyptar vörur og þjónusta	Viðskiptakröfur	Viðskiptaskuldir
Sláturhús KVH ehf. (hlutdeildarfélag)	16.001.407	15.834.750	1.295.392	1.685.206
Reykjarhöfði ehf. (hlutdeildarfélag)	2.355.979	0	1.275.409	0
Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri	38.482.191	0	6.544.131	8.644.071
	<u>56.839.577</u>	<u>15.834.750</u>	<u>9.114.932</u>	<u>10.329.277</u>
Árið 2024	Seldar vörur og þjónusta	Keyptar vörur og þjónusta	Viðskiptakröfur	Viðskiptaskuldir
Sláturhús KVH (hlutdeildarfélag)	15.276.099	14.905.017	1.081.814	2.877.095
Reykjarhöfði ehf. (hlutdeildarfélag)	1.172.975	0	174.742	0
Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri	30.651.267	0	7.476.804	21.973.200
	<u>47.100.341</u>	<u>14.250.342</u>	<u>8.733.360</u>	<u>24.850.295</u>

Reykjarhöfði ehf er í sameiginlegri eigu Kaupfélagsins (25%), Sláturhúss KVH ehf (50%) og annarra aðila (25%).